



## Gæðastefna

HB Grandi hefur að leiðarljósi, að veita þjónustu og framleiða afurðir, sem uppfylla væntingar viðskiptavina hvað varðar gæði, öryggi og áreiðanleika. Í þessu skyni hefur HB Grandi í sinni þjónustu hæft og þjálfaoð starfsfólk og uppfyllir staðla alþjóðlega viðurkenndra gæðakerfa.

### Gæðamarkmið

#### Þarfir viðskiptavina

- Að hafa stjórnunarkerfi, sem uppfylla kröfur alþjóðlegra staðla, laga og reglugerða, sem gilda í starfsumhverfi HB Grandi.
- Að vörur fullnægi þörfum og væntingum viðskiptavina og standist gæða- og öryggiskröfur þeirra og fyrirtækisins.
- Að vörur séu afhentar í réttu magni, á réttum tíma, á réttan stað og í réttu ástandi, hvað varðar umsamda gæða- og öryggiseiginleika hverju sinni.
- Að ekki verði mistök í framleiðslu fyrirtækisins, sem gefi tilefni til kvartana.

#### Hráefnisöflun

- Að afla hráefnis úr fiskistofnun undir ábyrgri veiðistjórnun og innleiða rekjanleika, sem uppfyllir kröfur byggðar á Ábyrgri stjórnun fiskveiða á Íslandi.

#### Umhverfisábyrgð

- Að nota sem mest endurnýjanlega orku.
- Að mæta kröfum um útblástur gróðurhúsalofttegunda og svifriks á veiði- og flutningatækjum fyrirtækisins.
- Að grófhreinsa frárennslisvatn frá vinnslu fyrirtækisins.

#### Siðferði og starfsmenn

- Að veita starfsfólki reglubundna þjálfun og tækifæri til menntunar í þeim tilgangi að gera það hæfara að sinna starfi sínu.
- Að ástunda réttmæta viðskiptahætti, s.s. varðandi vigt, talningar og upplýsingar á umbúðum afurða.

#### Gæðaviðmiðanir

- Að tryggja að ekki greinist örverur, aðskotahlutir, óhreinindi, meindýr eða kemísk efni, sem rekja má til ófullnægjandi þrífa.
- Að uppfylla lög og reglur heilbrigðisyfirvalda.
- Að koma í veg fyrir atvik, sem rekja megi til vanrækslu við þrif á framleiðslubúnaði eða framleiðsluaðstöðu.
- Að ná rekstrarlegri hagkvæmni í vinnuferlum stjórnunarkerfisins með því að beita markvissu og stöðugu úrbótastarfi.

1. október 2011

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Eggert Benedikt Guðmundsson". The signature is fluid and cursive, with a large, stylized 'B' being a prominent feature.

Eggert Benedikt Guðmundsson  
Forstjóri HB Granda hf.